Fullgild rafræn undirskrift
ÁGÚST HJÖRTUR INGÞÓRSSON
Kennitala: 220861-5709
2024-07-12 11:09:09 GMT
Ástæða: Undirskrift

# Innviðasjóður
## 17 551

# Ársreikningur 2023

## Efnisyfirlit

| | Bls. |
|---|---|
| Skýrsla og áritun forstöðumanns ............................................................ | 2 |
| Yfirlit um afkomu ársins .......................................................................... | 3 |
| Efnahagsreikningur ................................................................................. | 4 |
| Sjóðstreymisyfirlit ................................................................................... | 5 |
| Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum ........................................ | 6 |
| Skýringar ................................................................................................ | 7 |

**Innviðasjóður**

**kt. 440490-2639**

**Borgartúni 30, 105 Reykjavík**

# Skýrsla og áritun forstöðumanns

Innviðasjóður er ríkisaðili í A1-hluta ríkissjóðs.

Hlutverk Innviðasjóðs er að byggja upp rannsóknainnviði á Íslandi. Markmiðið með sjóðnum er að efla innlendar vísindarannsóknir með því að skapa nýja möguleika til rannsókna með fjármögnun tækjabúnaðar/aðstöðu sem ekki er aðgengileg nú þegar (lög nr. 3/2003). Innviðasjóður veitir styrki til kaupa á tækjum, gagnagrunnum og hugbúnaði og öðrum þeim búnaði sem telst mikilvægur fyrir framfarir í rannsóknum.

Starfsemin fellur undir málefnasvið 7 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2023 var ársveltan kr. 526,3 milljónir og afkoma kr. -5,7 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -21,1 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 1.198,8 milljónir.

Starfsemin á árinu 2023 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2023. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Það er álit mitt að ársreikningur 2023 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Innviðasjóðs fyrir árið 2023 með rafrænni undirritun sinni.

Ágúst Hjörtur Ingþórsson,
forstöðumaður

(undirritað rafrænt)

# Yfirlit um afkomu ársins 2023

| | Skýr | 2023 | 2022 |
|---|---|---|---|
| **Tekjur** | | | |
| Tekjufærsla fjárveitinga | 2 | 363.800.000 | 372.100.000 |
| Aðrar tekjur | 3 | 162.500.000 | 150.000.000 |
| **Tekjur samtals** | | 526.300.000 | 522.100.000 |
| | | | |
| **Gjöld** | | | |
| Framlög og tilfærslur | 4 | 527.202.570 | 539.997.680 |
| Annar rekstrarkostnaður | 5 | 4.794.194 | 3.111.176 |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap | | 0 | 1.405 |
| **Gjöld samtals** | | 531.996.764 | 543.110.261 |
| | | | |
| **Afkoma ársins** | | (5.696.764) | (21.010.261) |
| | | | |
| **Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum** | 2 | | |
| Rekstur | | 7.705.806 | (3.112.581) |
| Fjármagnstilfærslur | | (13.402.570) | (17.897.680) |
| | | (5.696.764) | (21.010.261) |

*Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.*

# Efnahagsreikningur 31. desember 2023

| | Skýr | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Tengdir aðilar ........ | 6 | 1.198.829.997 | 1.197.756.181 |
| **Eignir samtals** | | 1.198.829.997 | 1.197.756.181 |
| **Skuldir** | | | |
| Tengdir aðilar ........ | 6 | 758.719.170 | 769.481.323 |
| Ýmsar skammtímaskuldir ........ | 7 | 2.580.864 | 6.048.131 |
| Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda ........ | 8 | 66.000.000 | 45.000.000 |
| **Skuldir samtals** | | 827.300.034 | 820.529.454 |
| **Eignir samtals að frádregnum skuldum samtals** | | 371.529.963 | 377.226.727 |
| **Eigið fé** | 9 | | |
| Hrein eign ........ | | (21.065.277) | (15.368.513) |
| Bundið eigið fé ........ | | 392.595.240 | 392.595.240 |
| **Eigið fé samtals** | | 371.529.963 | 377.226.727 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 1.198.829.997 | 1.197.756.181 |
| **Aðrar upplýsingar** | 10 | | |

*Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.*

# Sjóðstreymisyfirlit ársins 2023

| | Skýr | 2023 | 2022 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | |
| Afkoma ársins ..... | | (5.696.764) | (21.010.261) |
| | | (5.696.764) | (21.010.261) |
| Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna: | | | |
| Tengdir aðilar ..... | | 9.164.031 | 18.650.090 |
| Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda: | | | |
| Skammtímaskuldir ..... | | (3.467.267) | 2.281.547 |
| | | 5.696.764 | 20.931.637 |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 0 | (78.624) |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | 0 | (78.624) |
| Handbært fé í byrjun árs ..... | | 0 | 78.624 |
| **Handbært fé í árslok** | | 0 | 0 |

*Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.*

## Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

| | Fjárveiting til rekstrar | Fjármagns-tilfærslur | Fjárveiting til fjárfestinga | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2023 ..................... | (150.000.000) | 513.800.000 | 21.000.000 | 384.800.000 |
| **Fjárveiting skv. fjárlögum og fjáraukalögum .......................................** | **(150.000.000)** | **513.800.000** | **21.000.000** | **384.800.000** |
| Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2022, (umframráðstafað) .................. | (3.112.581) | (12.255.932) | 45.000.000 | 29.631.487 |
| **Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu .......................................................** | **(153.112.581)** | **501.544.068** | **66.000.000** | **414.431.487** |
| Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum ............................................ | 157.705.806 | (527.202.570) | 0 | (369.496.764) |
| **Staða fjárveitinga í lok árs 2023 ..........................................................** | **4.593.225** | **(25.658.502)** | **66.000.000** | **44.934.723** |

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

**Grundvöllur reikningsskila**

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

**Innlausn tekna**

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttekins endurgjalds.
Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.
Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

**Gjöld**

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

**Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir**

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

**Tengdir aðilar**

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

**Samanburðarfjárhæðir**

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

# Skýringar

| | 2023 | 2022 |
|---|---|---|
| **2 Tekjufærsla fjárveitinga** | | |
| Fjárveiting ársins | 363.800.000 | 372.100.000 |
| | 363.800.000 | 372.100.000 |

**Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:**

| | Rekstur | Rekstrar-tilfærslur | Fjármagns-tilfærslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum | (150.000.000) | 0 | 513.800.000 | 363.800.000 |
| **Fjárveiting til tekna** | **(150.000.000)** | **0** | **513.800.000** | **363.800.000** |
| Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum | 157.705.806 | 0 | (527.202.570) | (369.496.764) |
| **Staða fjárveitinga ársins í lok árs** | **7.705.806** | **0** | **(13.402.570)** | **(5.696.764)** |

| | 2023 | 2022 |
|---|---|---|
| **3 Aðrar tekjur** | | |
| Hluti af tekjum B-hluta fyrirtækja | 162.500.000 | 150.000.000 |
| | 162.500.000 | 150.000.000 |
| **4 Framlög og tilfærslur** | | |
| Fjármagnstilfærslur til ríkisaðila í A-hluta | 518.021.530 | 525.836.949 |
| Fjármagnstilfærslur aðrir | 9.181.040 | 14.160.731 |
| | 527.202.570 | 539.997.680 |
| **5 Annar rekstrarkostnaður** | | |
| Matvæli | 79.750 | 0 |
| Vörukaup, almenn | 79.750 | 0 |
| Sérfræðiþjónusta | 4.706.944 | 3.008.206 |
| Auglýsingar og kynningarstarfsemi | 0 | 102.970 |
| Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta | 7.500 | 0 |
| Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta | 4.714.444 | 3.111.176 |
| Annar rekstrarkostnaður samtals | 4.794.194 | 3.111.176 |

| | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| **6 Tengdir aðilar** | | |

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

| | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| *Kröfur á tengda aðila:* | | |
| Viðskiptareikningur við ríkissjóð | 1.198.829.997 | 1.197.756.181 |
| | 1.198.829.997 | 1.197.756.181 |
| *Skuldir við tengda aðila:* | | |
| Viðskiptareikningar við aðra ríkisaðila | 758.719.170 | 769.481.323 |
| | 758.719.170 | 769.481.323 |

## Skýringar

| | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| **7 Ýmsar skammtímaskuldir** | | |
| Önnur ógreidd gjöld | 2.580.864 | 6.048.131 |
| | 2.580.864 | 6.048.131 |

**8 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga**

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

| | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað) | 66.000.000 | 45.000.000 |
| | 66.000.000 | 45.000.000 |

| | Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga | Fjárfestinga-fjárveiting | Samtals frestaðar tekjur |
|---|---|---|---|
| Staða 01.01.2023 | 0 | 45.000.000 | 45.000.000 |
| Fjárfestingarfjárveiting ársins | 0 | 21.000.000 | 21.000.000 |
| | 0 | 66.000.000 | 66.000.000 |

**9 Eigið fé**

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

| | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| **Hrein eign** | | |
| Jöfnuður 1.1. | 377.226.727 | 398.236.988 |
| Afkoma ársins | (5.696.764) | (21.010.261) |
| Jöfnuður 31.12. | 371.529.963 | 377.226.727 |

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

Af eigið fé stofnunarinnar eru kr. 392,6 milljónir sem eru bundið eigin fé, þ.e. ráðstöfun þess er ekki heimil nema heimild til þess verði veitt í fjárlögum.

**10 Aðrar upplýsingar**

*Skuldbindandi samningar*
Samkvæmt lögum nr. 3/2003 er það hlutverk Rannsóknamiðstöðvar íslands (Rannís) að annast umsýslu Innviðasjóðs. Innviðasjóður er því ekki með skuldbindandi samninga um húsnæði eða aðra þjónustusaninga um húsnæði eða aðra þjónustusamninga. Sjóðurinn greiðir kostnað við mat á umsóknum og við störf stjórnar sbr. gr. 6b, 5. mgr. laga nr. 3/2003.

*Veðsetningar*
Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum í árslok 2023.

*Veittar ábyrgðir*
Ekki hefur verið gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

*Óafturkallanleg loforð*
Ekki hafa verið veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur.

*Atburðir eftir reikningsskiladag*
Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.